**3. Innsýn og skerðing á friðhelgi** Með fyrrgreindum hækkunum í allt að þrjár hæðir skapast mikil innsýn yfir í okkar garða og inn um okkar glugga, frá gluggum og svölum á efri hæðum fyrirhugaðrar byggingar. Þetta skerðir verulega friðhelgi einkalífsins í okkar görðum, þar sem við munum vera á „sýningar palli" fyrir íbúa nýju byggingarinnar. Í dag er engin slík innsýn til staðar og breytingin mun því valda ásættanlegri skerðingu á lífsgæðum.

**4. Fjölgun íbúða og bílastæðavandi** Lóðin á að hýsa 20 íbúðir í stað 12, sem er mikil þétting. Samtímis á að fækka bílastæðum niður í 1 stæði á íbúð. Það blasir við að 1 stæði er ekki nóg fyrir nútíma fjölskyldur og þessi fjölgun mun valda verulegum umferðarþunga í okkar litlu götu og miklum skorti á gestastæðum. Þetta mun leiða til þess að gestir og jafnvel íbúar nýja hússins munu leggja á okkar lóðir eða við götuhornið, sem dregur úr umferðaröryggi og aðgengi fyrir t.d. sjúkrabíla eða slökkvilið.

**Niðurstaða** Þær breytingar sem lagðar eru til ganga of langt í því að hámarka nýtingu lóðarinnar á kostnað okkar, nánustu nágranna. Við andmælum því eindregið að hámarkshæð verði hækkuð í 10 metra og að íbúðum verði fjölgað svo mikið með svona fáum bílastæðum.

Við hvetjum skipulagsyfirvöld til að hafna þessari tillögu í núverandi mynd og leita leiða til að þróa lóðina á hátt sem sýnir lágmarks tillitssemi við þá byggð sem fyrir er. Við óskum eftir því að fá upplýsingar um framgang málsins og fá að kynna okkur ný gögn sem fram kunna að koma, t.d. skuggavarp teikningar.

Virðingarfyllst,

Fasteigna eigendur Aðalvík 1, 3, og 5.

Sveinbjörn Fr. Arngrímsson Aðalvík 1.
Sólrún Auðbertsdóttir Aðalvík 1.
Áslaug Árnadóttir Aðalvík 3
Karen Hauksdóttir Aðalvík 5
Friðrik Freyr Friðriksson Aðalvík 5